

Permatex® HI-Temp Red RTV Silicone Gasket – 3 oz túb

LÝSING VÖRU

Permatex® Hi-Temp RTV Silicone Gasket (háhita silíkon pakkning) er eins þáttar efnasamband sem, gúmmístorknar við stofuhita sem myndar áreiðanlega pakkningu/þéttingu „á staðnum“ fyrir vélrænar samsetningar. Þetta efni harðnar/þéttist vegna áhrifa frá raka í andrúmsloftinu og myndar sterka, sveigjanlega, silíkon gúmmí pakkningu. Varan er með viðnám gagnvart öldrun, veðrun og varmasveiflum án þess að harðna, dragast saman eða springa. Hannað til að viðhalda hámarksárangri í hita umhverfi samfellt á 315°C (600°F).



KOSTIR VÖRU

- Notkun við hátt hitastig
- Framúrskarandi viðloðun og sveigjanleiki
- Kemur í stað flestar útskorinna pakkninga
- Er hægt að nota til að búa til pakkningu eða sem þéttingu
- Auðvelt í notkun
- Óeldfimt
- Engin eitiráhrif

DÆMIGERÐ NOTKUN

- Drifhús
- Útblástursgreinar
- Vatnsláshús
- Ventllok
- Lok yfir tímahjólum
- Vatnsdælur
- Mismunadrifshús

EIGINLEIKAR ÓHARÐNAÐS EFNIS

	Dæmigerð gildi
Gerð efnis	Edikssilíkongúmmí
Útlit	Rautt sigfrítt þykkni
Lykt	Mild edíkslykt
Sértæk eðlisþyngd	1.05
Hraði útpressunar @ 25 °C, (grömm/mín)	>220
Kveikjumark °C (°F)	>93 (>200)

LEIÐBEININGAR: **1.** Fyrir bestu niðurstöður, hreinsið og þurrkið alla fleti. **2.** Skerið stútinn í æskilega stærð. Bestu þéttingar myndast með því að nota 1,5 (1/16") til 6 mm (1/4") taum. **3.** Berið á samfelldan jafnan taum af silíkonu á annað yfirborðið í kring um öll boltagöt. Setjið hluti samstundis saman á meðan efnið er enn blautt. Herðið með hendi þar til að efnið byrjar að sprautast út um samskeyti. Leyfið efninu að harðna í eina klukkustund og endurherðið um 1/4 til 1/2 snúning. **4.** Silíkon myndar snertifrí húð á einni klukkustund og harðnar að fullu á 24 klukkustundum við eðlilegar aðstæður. Leyfið meiri tíma í kulda eða mjög þurru umhverfi. **5.** Hreinsið blautt silíkon af verkfærum og höndum með efnum sem hreinsa silíkon. **ATH:** Ekki er mælt með notkun efnisins sem þéttingu á strokklok (hedd) eða hlutum sem komast í snertingu við bensín.



vörunúmer Húsasmiðjunnar 5023407